

Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Bjarni Benediktsson ráðherra  
Arnarhvoli við Lindargötu  
101 Reykjavík

Reykjavík, 2. marz 2021

### **Efni: Framlenging heimildar til tvískiptingar aðflutningsgjalda í tolli**

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til erindis síns til ráðuneytisins 13. marz 2020, þar sem ráðherra var hvattur, í ljósi fordæmalausra aðstæðna vegna heimsfaraldursins, til að flytja þingmál um að endurvekjja heimild til tvískiptingar gjalddaga aðflutningsgjalda í tolli. Sú skipan hafði verið við lýði með endurteknum bráðabirgðaákvæðum í tollalögum og lögum um virðisaukaskatt á árunum 2008-2016.

Ráðherra brást vel við hvatningu FA og voru ákvæði þessa efnis hluti frumvarps til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru (683. mál á 150. löggjafarþingi), sem varð að lögum nr. 25/2020. Um er að ræða bráðabirgðaákvæði XVII við tollalög og bráðabirgðaákvæði XXXV við lög um virðisaukaskatt. Fyrirkomulagið gildi út árið 2020.

Í ljósi þess að ekki sér fyrir endann á heimsfaraldrinum, margvíslegum erfiðleikum fyrirtækja vegna faraldursins og ýmsum aðgerðum stjórnvalda til að koma til móts við fyrirtækin og örva atvinnulífið, fer FA þess á leit við ráðherra að hann beiti sér fyrir því að umrædd heimild verði framlengd á ný, hið minnsta út árið 2021.

Raunar má færa rök fyrir því að festa ætti heimildina varanlega í sessi, enda hefur fjárlagaskrifstofa ráðuneytisins ítrekað gefið út það álit að heimildin hafi hvorki áhrif á tekjur né kostnað ríkissjóðs og að skil gjalda batni jafnvel með þessu fyrirkomulagi.

Fyrir fyrirtækin, sérstaklega þau smærri, skiptir þessi heimild hins vegar miklu máli, óháð tímabundnum erfiðleikum vegna faraldursins. Innflutningsfyrirtæki selja vörur sínar iðulega með greiðslufresti sem er lengri en gjaldfrestur aðflutningsgjalda. Þetta skapar óhagræði og vandkvæði í fjárstreymi, sérstaklega hjá minni fyrirtækjum. Þau selja gjarnan vörur til stærri og sterkari aðila, t.d. stórrar verzlanaeðju eða Landspítalans svo dæmi séu tekin. Vegna aðstöðumunar hafa þau í raun ekki stjórn á þeim greiðslufresti sem þau verða að veita. Heimild til að skipta greiðslunum upp er því til sérstaks hagræðis fyrir minni fyrirtæki.

FA er að sjálfsgöðu reiðubúið til samráðs við ráðuneytið um útfærslu framlengingarinnar.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen framkvæmdastjóri FA